

Blikkval s.f.

Höfum opnað nýja blikksmiðju að Smiðjuvegi 54, sími 76655, Kópavogi. Önnust hvers konar blikksmiði, svo sem loftræstikerfi, þakrennur og niðurföll. Einnig þakkanta, ventla, túður o. m. fl. Tökum einnig að okkur viðgerðir á bensintönkum.

Reynið viðskiptin.

Nýir umboðsmenn Dagblaðsins.

Reykjahlið v/Mývatn

Erla Sigfúsdóttir, Helluhrauni 5, sími 44133.

Sauðárkrókur

Brandís Benediktsdóttir, Raftahlíð 40, sími 5716.

DAGBLADIÐ

TILBOÐ

óskast í eftirfarandi bifreiðir í tjónsástandi:

FIAT 132 árg. 1978

MERCURY COMET árg. 1974

MAZDA 929 árg. 1977

MAZDA 818 station árg. 1975

SAAB 99 GL árg. 1976

CORTINA árg. 1971

FIAT 127, gulur, árg. 1974

FIAT 127, grænn, árg. 1974

FIAT 850 árg. 1971

TOYOTA COROLLA árg. 1971

Bifreiðirnar verða til sýnis að Melabraut 26, Hafnarfirði laugardaginn 3. júní nk. kl. 13—17.

Tilboðum óskast skilað til aðalskrifstofu Laugavegi 103 fyrir kl. 17 mánudaginn 5. júní nk.

Brunabótafélag Íslands

BLAÐBURÐARBÖRN ÓSKAST STRAX:



*Skjólin Aðalstræti
Hagar Miðbærinn*

**Uppl. á afgreiðslunni,
sími 27022.**

DAGBLADIÐ

LISTAHÁTIÐ 1978



Þótt hinir myndlistarmennirnir séu góðir og jafnvel meira en það kemst líklega enginn sýning á listahátíð í hálfkvísi við sýningu Errós á Kjarvalsstöðum. Hann sýnir 147 verk, mismunandi stór og frá hinum ýmsu tímum lífs síns. Er þetta því nefnd yfirlits-sýning.

Myndir Errós eru flestar stórar og í hverri þeirra má sjá ótal smáatriði sem endalaust er hægt að skoða. Þrátt fyrir það segist hann hafa málað um tvö þúsund myndir, hvíllik afköst. Aðeins 17 myndanna eru til sölu, einstaka stórt málverk og svo litlu myndirnar Kína í Reykjavík sem sérstaklega eru gerðar fyrir listahátíð. Kosta þær um hundrað þúsund. Fyrir þá sem ekki geta keypt myndir er huggun í því að póstkort af mörgum þeirra eru til

Hvað er í boði á morgun?

ERRO RISINN Í MYNDLISTINNI

sölu á eitt og tvö hundruð krónur. Plakat eins og það sem víða hefur verið sett upp í tilefni sýningarinnar verður einnig hægt að fá áritað og númerað (60 eintök).

Erró eða Guðmundur Guðmundsson eins og hann heitir í rauninni er fæddur í Ólafsvík árið 1932. Hann útskrifaðist úr Myndlistaskólunum í Reykjavík árið 1949. Árin 1955-58 var hann við nám á Ítalíu og settist að í París '58. 1967 bjó hann um tíma á Kúbu og má sjá áhrif þeirrar

dvalar glögglega á myndum hans eftir það. Frá 1972 hefur hann dvalið lengur eða skemur í Thailandi og Austurlöndum fjær og hafa aðstæður þar eystra sett mikið mark á myndir hans. Má í því sambandi vísa á myndasýr-una Kína í Reykjavík.

Aðalsteinn Ingólfsson mun í næstu viku verða með langt viðtal við Erró í blaðinu, líklega hið lengsta sem hann hefur veitt íslenskum blöðum. Þangað til verða þessar upplýsingar látnar nægja. DS.

Peterson, Pedersen og Pass EKKI EINIR AF ÞEIM BEZTU, HELDUR ÞEIR BEZTU

Að öðrum dagskrárliðum ólöstuðum er hingaðkoma tríós Oscars Petersons stærsti liðurinn á þessari listahátíð. Enda sýndi miðsalan það að menn ætluðu ekki viljandi að láta tónleika þeirra félaganna fram hjá sér fara. Þegar fjall- að er um einhvern hinna þriggja tríómanna, Oscar Peterson, Joe Pass eða Nils Pedersen, eru þeir yfirleitt taldir þeir allra beztu hver á sitt hljóðfæri. Og tríóið í heild á ekki marga alvarlega keppinauta um efsta sætið á gæðalistan- um.

Oscar Peterson er líklega frægastur þeirra félaganna. Sagt er að hann sé einfaldlega bezti jasspianisti heims. Oscar Peterson er einn af fáum pianóleikurum sem er á við heila símfónihljómsveit.

Peterson er fæddur í Kanada árið 1925. Þegar hann var 6 ára hóf hann að leika á trompet en varð að hætta því vegna berklaiveiki. Þá tók pianóið við. Aðeins 14 ára hafði hann útvarpsþátt einu sinni í viku og hafði þá þegar unnið til verðlauna. Á síðustu árum hefur Peterson samið æ meira af verkum til flutn-




Joe Pass gítarleikari.

ings og jafnan flutt þau sjálfur. Hann gerði tilraun til að reka skóla en það gekk ekki vegna tímaskorts.

Joe Pass er núna virtasti jassgítaristi heims. Hann heitir fullu nafni Joseph Antoni Jacobi Pássalaqua og er sagður hafa mótað spunastíl og tæknisníld sem eigi engan sinn líka.

Joe er fæddur 1929 í New Jersey og byrjaði fyrst að glamra á gítar níu ára gamall. Um tvisugt var hann kominn til New York og farinn að spila með frægum mönnum. Núna er Pass eftirsóttur konserttónlistarmaður og leikur með fólki eins og Oscari, Ellu Fitzgerald og Count Basie.

Niels-Henning Pedersen er virtasti bassaleikari heims. Lesendur Melody Maker kusu hann jassbassaleikara ársins í fyrra. Þó finnst ýmsum öðrum jassist- um sem nokkuð skorti enn á virðinguna



Sjálfur Oscar Peterson.

fyrir Pedersen, því að hann sé bezti bassaleikari í heimi og engir aðrir komist þar nálægt.

Pedersen er fæddur árið 1946 í Danmörku. Hann er því langyngstur í tríóinu. Fyrst hóf hann nám á pianó en þegar jassinn náði tökum á honum ákvað hann að kontrabassinn væri það hljóðfæri sem hann helzt vildi leika á. Strax upp úr ferðingu var Niels farinn að leika með þekktum jassistum og var fljótlega fastráðinn í Big-Bandi danska útvarpsins. Með því hefur hann licið af og til hin seinni ár en þess á milli með ýmsum frægum köppum. Niels heidraði okkur með nærveru sinni og féлага sinna í apríl og vakti mikla hrifningu.

Af þessari upptalningu ætti að mega sjá að þeim tíma sem varíð er í að hlýða á þetta tríó, sem haldið hefur verið fram að væri hið bezta í heimi, er hreint ekki illa varið.

Samkvæmt fregnum sem bárust í morgun kemur Joe Pass ekki hingað vegna veikinda. DS.



Niels Pedersen bassaleikari. DB-mynd Ragnar.

Hjónin í kjallara Norræna hússins

BLANDA AF NÆFNI OG ÝKTU RAUNSAEI

Listamennirnir Seppo Mattinen og Helle-Vibeke Erichsen, sem reyndar eru

hjón, sýna málverk og grafík í kjallara Norræna hússins frá og með morgun-

deginum og út listahátíð. Verður sýningin opin kl. 14—19. Hjónin eru komin hingað til lands til þess að vera viðstödd opnun sýningarinnar.

Seppo er fæddur í Helsingfors árið 1930. Hann er mjög virtur listamaður og er verk hans að finna í flestum meiri- háttar listasöfnum á Norðurlöndum og annars staðar. Hann hefur tekið þátt í opinberum listsýningum víða í Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum.

Helle-Vibeke er fædd í Danmörku árið 1940 og búa þau hjónin núna þar. Hún er talin meðal fremstu grafíklistamanna í Danaveldi og er einnig málari góður. Hún og Seppo hafa vakið athygli fyrir sérstæðan stíl í verkum sínum sem helzt mætti lýsa sem blöndu af næfni (naivismi) og ýktu raunsaei.

Á sýningu hjónanna eru 55 málverk og 50 grafíkmyndir og eru nokkrar þeirra til sölu. DS.



Helle-Vibeke og Seppo hengja upp verk sín. DB-mynd Hörður.